

Ræða stallara við brautskráningu ML 2023

Komið þið sæl kærur gestir, börn og aðrir minna þroskaðir menn, gleðilega hátíð. Jæja, þá er komið að þessu. Þetta er stóri dagurinn, dagurinn okkar.

ML er sko algjört ævintýri. Þessi dýrmæti skóli er engum líkur. Þennan stað og þetta heimili eigum við öll saman og munu alltaf eiga. Það er eitthvað við ML sem gerir okkur stolt af því að geta kallað okkur ML-inga. Þegar ML-ingur hittir annan ML-ing, þó hann þekki hann ekki neitt, myndast sjálfkrafa einhver sterk tenging sem er erfitt að lýsa. Við eigum eitthvað sameiginlegt. Við bjuggum á sama heimili við mjög svipaðar aðstæður og fengum að upplifa félagslífið í ML. Við tilheyrum sögu ML. Og það eru hefðirnar okkar sem halda sögunni uppi. Í grunninn er hér núna sama stemning og var hér fyrir 30, 50 og 70 árum. Ég hitti nokkra 30 ára ML-stúdentu um daginn og heyrði þá lýsa vistarlífinu og þeir hefðu eins getað verið að lýsa stemningunni hjá okkur hér í vetur. Þessi sameiginlega saga okkar er svo einstök, það er svo mikilvægt að hún fái að lifa áfram með næstu nemendum og kynslóðum. En nú spyr kannski einhver: Hvers virði er þessi saga og þessi skóli? Nú er mikið verið að tala um að færa og sameina Kvennó og MS. Menntamálaráðherra hefur í raun lagt til að leggja niður þessa skóla og stofna nýjan. Skiljum við þessa reiði sem blossar upp hjá nemendum MS og Kvennó? Hvað myndum við gera ef allt í einu myndi koma fram tillaga um að flytja okkar skóla eða leggja hann niður? Hvers virði væri sagan og hefðirnar okkar þá? Skipta svona skólastofnanir einhverju máli? – Okkur finnst ML skipta miklu máli! Þetta er og var heimili okkar í 3 ár. Hér þroskuðumst við og lærðum á okkur sjálf. Fyrir 70 árum síðan var afi minn hérna í skóla. Hann segir að hann hafi þroskast svakalega við það að vera á heimavistinni. Að þetta nána samband milli hans og félaganna á vistinni hafi gert honum auðveldara með að umgangast fólk seinna meir. Hann situr hér og verður 70 ára stúdent næsta vor og var í fyrsta útskriftarhópi ML.

En þetta á líka við í dag! Þrátt fyrir að við séum þessi svokallaða bómullarkynslóð sem lærir ekki að takast á við erfiðleika og þrátt fyrir að áður fyrir hafi allt verið svo frábært og lokaprófin sko 100% og engir símar! En sjáið okkur! Við lærðum mjög margt, lentum í ýmsum erfiðleikum, tókumst á við allskonar áskoranir. Þessi tími hér í ML hefur hjálpað okkur að verða betri manneskjur. Tengslin og vinasamböndin eru svo dýrmæt. Þetta eru vinasambönd sem geta enst til lífstíðar. Á vistinni vorum við alltaf saman, það getur verið mjög flókið, maður þarf að taka tillit til allskonar... og það var ekkert hægt að vera með einhverja grímu... Og ég held að einmitt á því byggist þetta sterka samband sem er á milli vina hér í ML. Við kynnumst svo vel, það er ekki hægt að fela neitt. En hvers virði er þetta? Við getum alveg eins spurt: Hvers virði er þroski? Hvers virði er vinátta? Við erum ótrúlega sátta með skólagönguna okkar hér. Við lærðum ekki bara efnafræðiformúlu og sögur um rómaveldi heldur lærðum við að **tilheyra!** Við viljum þakka öllum sem komu að uppeldinu okkar hér, með misjöfnum árangri eins og gengur, en þetta telur allt. Nú er náminu okkar lokið hérna í ML. Reyndar er það ekki alveg rétt hjá mér því á mánudaginn liggur leið okkar til Costa Brava og þar verðum við á fullu við að sinna námi, að vísu verða engir kennarar og enginn Pálmi með mæli, enda væri það nú óþarfi. Fallega fólk. Fram undan er framtíðin okkar og þar ætlum við að reyna okkar allra besta að gera heiminn betri með ykkur, fram undan er stór ævintýraskógur og þar erum við öll mikilvæg eins og segir í kvæðinu góð... Rætur, stofn, greinar, blöð. Þú leggur hönd á plóg. Ræktar heilan skóg. Á stað sem enginn veit. Þú tileinkar þér reit. Regnið kemur úr skýjunum. Sólin er hátt á himninum. Lengi lifi ML!